

Nd.

458. Breytingartillögur

við frv. til 1. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Páli Zóphóniassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Selfossbyggð í Árnessýslu, sem vaxið hefur upp á mótum þriggja hreppsfélaga við Ölfusá, skal verða sérstakt sveitarfélag, er nefnist Selfosshreppur. Í hinum nýja hreppi er allur Sandvíkurhreppur, nema svonefnd Flóagaflstorfa, er leggjast skal til Eyrarbakkahrepps, Hellir ásamt Fossnesi úr Ölfushreppi og sneið af Laugardælalandi í Hraungerðishreppi, er markast af beinni línu frá Virkisvörðu til hæsta klettsins á nyrzta ferjuholti í Hellislandi. Að öðru leyti eru landamerki jarða þeirra, sem að ofan voru taldar, hreppamörk hins nýja Selfosshrepps.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Ölfushreppi og Hraungerðishreppi greiðir Selfosshreppur bætur eftir mati fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin og lögð til hins nýja Selfosshrepps. Á sama hátt greiði Eyrarbakkahreppur bætur eftir mati til Selfosshrepps, fyrir missi tekna af því landi, sem frá Selfosshreppi er tekið og lagt undir Eyrarbakkahrepp.

3. Við 4. gr.

- a. Í stað orðanna „Ölfushreppi og Hraungerðishreppi“ á tveim stöðum í 1. málsgr. komi: Ölfushreppi, Hraungerðishreppi og Eyrarbakkahreppi.
b. 2. málsgr. („Ágreiningsmálum milli Selfoss- og Sandvíkurhrepps“ o. s. frv.) falli niður.